



DRÖG

Vélsleðaferðir

Sértæk gæðaviðmið nr. 206

5. útgáfa 2022

Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaðili upplýsingarnar.

206-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
206-1.1	Fyrir hverja ferð er til ferðaáætlun (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
206-1.2	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: <ul style="list-style-type: none"> a. Búnað til að veita fyrstu hjálp. b. Fjarskiptabúnað. c. Leiðsögutæki. d. Aukafatnað. e. Flautur og ýlur. f. Skóflur. g. Línur/kaðla. h. Sprungubjörgunarbúnaður i. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð. 			
206-1.3	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun öryggisbúnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar. b. Sótthreinsun og þrif á búnaði. c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda). 			

206-1.4	Til er skrifleg áætlun um þrif, sóttþreinsun og viðhald ökutækja. M.a. er fjallað um daglega yfirferð sem starfsmenn framkvæma og reglulegar skoðanir sem viðhaldsteymi annast. Áætlunin er aðlöguð að notkun og álagi.			
206-1.5	Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á leiðsögumann eftir því hvers konar aðstæður eru í hverri ferð. Hlutfall leiðsögumanna og viðskiptavina getur verið breytilegt eftir aðstæðum og er ekki lægra en 1:8 sleðum, þ.e. allt að 16 viðskiptavinir á hvern leiðsögumann. Alltaf skulu vera a.m.k. tveir leiðsögumenn í ferð. <i>Í stuttum ferðum (1 – 2 klst.), við allra bestu aðstæður og þegar sleðar viðskiptavina eru fjórir eða færri, þ.e. allt að átta viðskiptavinir, er heimilt að einungis sé einn leiðsögumaður í ferð.</i> <i>Til er skrifleg skilgreining á því hvað teljast „bestu aðstæður“ s.s. skyggni að lágmarki 2-3 km, ferðin er ekki í upphafi vertíðar, ekki er verið að fara á ný svæði eða á nýja staði.</i>			
206-1.6	Í undirbúningi fyrir ferðir fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m. a.: a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal. b. Veðurspá. c. Búnað. d. Upplýsingar um viðskiptavini. e. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum.			
206-1.7	Til er gátlisti fyrir leiðsögumann um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan á ferð stendur m.a. varðandi:			

	<ul style="list-style-type: none"> a. Staðhætti og veðurskilyrði. b. Tímaáætlun. c. Réttá notkun á vélsleðum. d. Hraðatakmarkanir. e. Öryggisráðstafanir þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna. f. Hvernig bregðast skuli við ef þeir verða viðskila við hóp. g. Viðeigandi skjólfatnað og búnað. h. Næringu, drykkjarföng og aðgengi að vatni í ferð. i. 112 neyðarnúmer á Íslandi. 			
206-1.8	Fyrirtækið tryggir að allir öikumenn hafi ökuskírteini sem eru í gildi, lágmarksaldur er 17 ár. Ath. skellinöðru- eða dráttarvélapróf duga ekki.			
206-1.9	Sett hafa verið skrifleg viðmið um lágmarksaldur viðskiptavina og geta kröfur um aldur verið mismunandi eftir ferðum og aðstæðum.			
206-1.10	Sett hafa verið skrifleg viðmið um öruggan aksturshraða sem getur verið breytilegur eftir aðstæðum.			
206-1.11	Allir vélsleðar eru skráðir og tryggðir og gætt er að bremsubúnaði, skíðum, beltum og reimum fyrir hverja ferð.			
206-1.12	Fyrirtækið upplýsir viðskiptavini um að neysla áfengis eða vímuefna geti komið í veg fyrir þátttöku í ferð.			
206-1.13	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.			

206-2	Umhverfi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
206-2.1	Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur, s.s. að vetralagi, er forðast að aka um svæði þar sem náttúrufar er viðkvæmt, sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			
206-2.2	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
206-2.3	Allur úrgangur sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
206-2.4	Fyrirtækið hefur sett reglur um lausagang ökutækja.			
206-2.5	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
206-3	Menntun og þjálfun	Já	Nei	Á ekki við
206-3.1	Leiðsögumenn fá þjálfun í notkun tækjabúnaðar m.a. til að geta gefið upp staðsetningu og veitt upplýsingar um aðgengi að því svæði sem farið er um ef kalla þarf eftir aðstoð. Í þjálfuninni skal m.a. fara yfir eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> a. Notkun áttavita og korts. b. Notkun GPS staðsetningartækis. c. Notkun viðeigandi fjarskiptamáta fyrir mismunandi svæði, t.d. farsími, talstöð og Tetra. 			

206-3.2	Neyðarviðbrögð eru þjálfuð á hverju ári. Þjálfun miðast við tegund og staðsetningu ferða og felst t.d. í eftirfarandi þáttum: a. Viðbrögð við snjóflóðum og snjóflóðaleit. b. Viðbrögð og leit ef fólk verður viðskila við hóp. c. Notkun neyðarbúnaðar til flutninga, t.d. notkun á björgunarbörum og umbúnaði sjúklinga fyrir flutning.			
206-3.3	Leiðsögumenn í ferðum á jöklum fá viðeigandi fræðslu og þjálfun í sprungubjörgun a.m.k. einu sinni á ári.			
206-3.4	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu skyndihjálparnámskeiði* hjá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			
206-3.5	A.m.k. einn leiðsögumaður í ferð um óbyggðir** hefur lokið námskeiðinu <i>Vettvangshjálp í óbyggðum</i> (WFR) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila og sækir endurmenntun á þriggja ára fresti.			

**Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaraðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaraðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.*

***Óbyggðir eru staðir eða svæði þar sem tekur a.m.k. tvær klst. að fá utanaðkomandi bjargir.*